

**Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um aðra staðsetningu fyrir vinnu og virkniúrræði sem flytja á í Skeifuna**

Lagt er til að velferðarsvið hefji leit að annarri staðsetningu fyrir þau vinnu og virkni úrræði Reykjavíkurborgar sem flytja á í Skeifuna 8. Starfsfólk og aðstandendur notenda hafa margsinnis bent á að bæði húsnæðið og staðsetningin hentar illa notendahópnum. Um er að ræða einstaklinga með mikla einhverfu og þroskahamlanir. Fólk sem er afar næmt fyrir allskyns áreiti, þá sérstaklega umhverfisáreiti og þarf greitt aðgengi að hljóðlátu grænu svæði. Þessum hóp hentar alls ekki að vera í miklu fjölmenni, hljóðeinangrun og hljóðaðskilnaður skiptir því miklu máli í starfseminni. Það liggur í augum uppi að bæði að innan sem og að utan er Skeifan 8 óhentugt húsnæði. Þarna er mikill hávaði og umferðarþungi auk þess sem gangstéttum og gangbrautum er ábótavant. Ljóst er að þessi staðsetning þjónar ekki þörfum notenda og því mikilvægt að borgin standi ekki fast við ranga ákvörðun heldur taki réttmætar ábendingar aðstandenda og fagfólks alvarlega. Leita ber nýs, öruggs og viðeigandi húsnæðis sem styður við velferð, öryggi og reisn notenda.